

## Áherslur ASÍ í viðræðum við stjórnvöld

1. Stefnt verði að því að gerð príhliða sáttmála um forendur stöðugleika, m.a. á grundvelli umsóknar um aðild að ESB og upptöku evru
2. Endurskipulagning á skuldum heimilanna verði sett í forgang
  - a. Auðvelda verður framkvæmdina á lögum um greiðsluáðlögun skulda, m.a. með
    - i. Tryggt verði að nauðsynlegar reglugerðir og verklagsreglur um framkvæmd verði gefnar út strax, þar sem tryggt verði m.a. að krafa um að lán verði sett í skil sem forsendu fyrir aðstoð verði vikið til hliðar
    - ii. Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna í samráði við héraðsdóm ráði a.m.k. 50 fjármálaráðgjafa til næstu 6-9 mánaða til að aðstoða fólk í greiðsluvanda
    - iii. Farið verði í umfangsmikið kynningaáttak með dagblaðaauglýsingum, bæklingum og fræðslufundum þar sem þau úrræði sem til staðar eru verði kynnt
  - b. Stofnaður verði Bjargráðasjóður heimilanna sem hafi forræði yfir afskriftareikningum banka og fjármálastofnana vegna skulda heimilanna og vinni skipulega að því að endurskipuleggja fjárhag viðkomandi heimila
3. Áhersla verði á aukna atvinnu á næstu mánuðum
  - a. Hraða og ýta á eftir mannaflsfrekum framkvæmdum og útboð verði auglýst strax
  - b. Stofnaður verði fjárfestingarsjóður í samstarfi ríkisins, lífeyrissjóðanna og erlendra kröfuhafa til að koma að uppbyggingu atvinnulífsins
  - c. Gengið verði frá reglugerðum um framkvæmdina á endurgreiðslu VSK til sveitarfélaganna
4. Velferðarkerfi vinnumarkaðarins
  - a. Staðið verði vörðu um grundvallarpætti varðandi atvinnuleysistryggingar, fæðingarorlof og ábyrgð á launum við gjaldþrot
  - b. Auka þarf áherslu á virkar vinnumarkaðsaðgerðir og heimildir í lögum nýttar
5. Menntamál
  - a. Mótuð verði framkvæmdaáætlun um að ekki fleiri en 10% á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar verk- og framhaldsmenntunar árið 2020

- b. Standa verður vörð um framlög til að treysta stöðu fólks á vinnumarkaði með litla formlega menntun

## 6. Barnafólk

- a. Efla barnabótakerfið með því að hækka bætur og draga úr tekjutengingum
- b. Huga sérstaklega að þeim hópi sem ekki hefur tök á að greiða fyrir aðgang að leikskólum, gæslu og máltíðum í grunnskólum, íþrótta- og tómstundastarfi í samstarfi við sveitarfélögin

## 7. Heilbrigðismál

- a. Setja hámark á þátttöku sjúklinga í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja

## 8. Lífeyris- og tryggingamál

- a. Tryggja verður jafnræði í áhrifum bankahrunsins á samtryggingarlífeyrissjóði landsmanna og lífeyrisréttindi almennra launamanna
- b. Aðilar vinnumarkaðarins hafi beina aðkomu að endurskoðun á almannatryggingum og endurskoðun á verkaskiptingu þeirra og lífeyrissjóðanna
  - i. Tryggja verður að frítekjumark nái einnig til greiðslna úr lífeyrissjóðum
  - ii. Standa verður vörð um lágmarkstekjuviðmið almannatrygginga en koma jafnframt í veg fyrir óhóflegar tekjutengingar
  - iii. Greiðsluskylda atvinnurekenda í Starfsendurhæfingarsjóð og starfsmenntasjóði verði lögbundin
  - iv. Framlög sjúkrasjóða vegna forvarna og endurhæfingar og starfsmenntasjóða vegna starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu verði skattfrjáls
  - v. Sett verði lög um mótframlag ríkisins í Starfsendurhæfingarsjóð m.a. með hliðsjón af lögum um jöfnun örorkulífeyrisbyrðina
  - vi. Unnið verði að breytingum á örorkubótarétti, m.a. í ljósi nýs starfsgetumats
  - vii. Unnið verði að samræmingu á veikinda- slysa- og örorkubótarétti á vinnumarkaði og almannatrygginga

## 9. Húsnæðismál

- a. Ungu fólki verði auðveldað að kaupa sína fyrstu íbúð, m.a. hækkun lágmarksláns
- b. Sveitarfélög verði gert auðveldara að fjölga félagslegum leiguíbúðum á viðráðanlegum leigukjörum
- c. Einfalda og efla núverandi kerfi húsaleigu- og vaxtabóta